

Ársskýrsla Sundfélag Akraness

2024



Almennt:

Sundárið 2024 hjá sundfélagi Akraness var bæði árangurs- og viðburðarríkt. Iðkendur, ungir sem gamlir flökkuðu um landið og út fyrir það til þess að sækja sundmót og æfingabúðir. Iðkenda fjöldinn minnkaði örlítið á milli ára en fjölgun hefur orðið í yngri hópunum en fækkun hjá þeim eldri. Garparnir vaxa þó jafnt og þétt sem er mjög ánægjulegt að sjá. Alls voru iðkendur félagsins 437 (367 án námskeiða) á árinu 2024.

Það verður aldrei of oft tekið fram að iðkendur sundfélagsins eru félaginu alltaf til sóma og sinna íþróttinni af metnaði og hafa gaman af. Þannig verða sigrar hvers og eins mikilvægir, bæði persónulegir og í sundlauginni.

Einar Margeir Ágústsson var útnefndur Sundmaður Akraness í kjörinu um Íþróttamann Akraness fyrir árið 2024. Einar Margeir hlaut þann titil og er félagið afar stolt af Einari. Óskum við honum aftur til hamingju með titilinn.

Stjórn Sundfélags Akraness er virkilega ánægð með það starf sem unnið er að hjá félaginu. Sundfélag Akraness stendur þó frammi fyrir ákveðnum vanda þegar kemur að brottfalli iðkenda um 11 ára aldurinn þegar þeir færast úr Bjarnalaug yfir í Jaðarsbakkalaug. Að fara að æfa í útilaug allan ársins hring er ekki aðlaðandi fyrir alla krakka og þeir hverfa þá gjarnan til annarra íþróttanna eða hætta. Félagið lætur sig dreyma um þetta og kraftmikla sundhópa sem lífga upp á jaðarsbakkalaug. Einnig lítur út fyrir niðursveiflu þegar kemur að eldri sundmönnum og afreksstarfinu á næstu 2-3 árum. Ef heldur áfram sem horfið óttast stjórn félagsins að erfitt geti reynst að halda úti afreksstarfi eins og verið hefur síðustu ár.

Eins og fram hefur komið á fjölmörgum aðalfundum félagsins hefur sundfélagið áhyggjur af sundaðstöðunni hér á Jaðarsbökkum. Viðhaldi laugarinnar er ekki sinnt nægilega vel, og að halda úti æfingum allt árið um kring hefur reynst á köflum erfitt þegar veður eru slæm. Bjarnalaug er frábær en loftgæðum þar inni er verulega ábótavant. Kostur væri fyrir félagið að hafa aðgengi að fleiri tímum í Bjarnalaug til að geta sinnt þeirri eftirspurn sem við höfum fyrir þá aldurshópa sem þar æfa.



Stjórn og starfsmenn

Stjórn:

Stjórn SA breyttist á árinu þar sem Nína Björk Gísladóttir for úr stjórn og Guðmundur Júlíusson kom nýr inn í stjórn á aðalfundi í mars 2024.

Stjórn SA er skipuð þannig:

Formaður:	Valdimar Ingi Brynjarsson
Varaformaður:	Guðrún Guðbjarnadóttir
Gjaldkeri:	Marianna Pálsdóttir
Ritari:	Þórdís Bj. Guðmundsdóttir
Meðstjórnendur:	Ágúst Júlíusson, Guðmundur Júlíusson og Emilia Orlita

Starfsmenn

Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA er sem áður Kjell Wormdal.
Jill Syrstad þjálfari yngri hópar í 50% starfi, og Bjarney Guðbjörnsdóttir er með B-hóp.

Námskeiðsþjálfarar voru

Elin Björk Davíðsdóttir (Ungbarnasund)
Heiður Haraldsdóttir (Fjörfiskar)
Guðrun Carstensdóttir (Skriðsundnámskeið)
8 aðstoðarþjálfarar.

Fjármál og rekstur

Fjárhagstaða félagsins er góð og er eigið fé að verðmæti 16.715.951 kr

Handbært fé: 14.193.960 kr

Innkoma félagsins í æfingagjöldum og styrkjum var: 36.937.240 kr.

Rekstrargjöld voru: 33.617.879 kr.

Hagnaður félagsins var 4.073.508 kr.

Hagnaðurinn skýrist af vel sóttum Vit-hit leikum sem gengur afar vel og velgengni í styrktarsöfnun fyrir útvarp Akranes.

Fjöldi iðkenda

Iðkendur Sundfélags Akraness voru 367 yfir árið sem er örlítill fækkun frá fyrra ári. Aukning hefur orðið í yngri hópum og þá sérstaklega meðal barna á leikskólaaldri og höfum við þurft að vera með biðlista í alla hópa á þeim aldri. Á sama tíma hefur fækkað hjá iðkendum á unglingsaldri eða þegar iðkendur færast úr Bjarnalaug yfir í útilaugina á Jaðarsbökkum.

Iðkendafjöldi félagsins að meðtöldum leikskólanámskeiðum og skriðsundnámskeiðum á árinu 2024 var 437.

Samantekt yngri hópa

Fjögur innanfélagsmót voru haldin í Bjarnalaug með 30-40 þátttakendum á aldrinum 7-12 ára. Landsbankamótið og Bárúmótið voru haldin með hefðbundnu sniði.

Tvær nýjungar voru á árinu en það voru innanfélagsmót UMFA / ÍA á Jaðarsbökkum, sem tókst mjög vel og æfingamót með Breiðablik í Kópavogslauginni.

Flestir iðkendur okkar tóku þátt í öllum helstu mótum sem fóru fram í Reykjanesbæ og Reykjavík.

7 sundmenn tóku þátt í Aldursflokkameistaramóti Íslands sem fór fram á í Reykjanesbæ og tveir sundmenn náðu verðlaunasæti í sínum aldursflokki.

Samantekt afrekshóps

Sundfélag Akraness eignaðist einn Íslandsmeistara á árinu, Einar Margeir Ágústsson og einn unglíngameistara, Guðbjarna Sigþórsson.

Samtals vann félagið til 44 verðlauna á Íslandsmeistaramótum ársins á IM50 (21) og IM25 (13)

Verlaunahafar félagsins voru:

Í einstaklingsgreinum: Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Sunna Arnfinnsdóttir

Einar Margeir Ágústsson, og Guðbjarni Sigþórsson.

Í boðsundi:

Einar Margeir Ágústsson, Kristján Magnússon, Guðbjarni Sigþórsson og Kajus Jatautas.

Á Bikar kepptu bæði stelpu- og strákalið í efstu deild, stelpurnar höfnuðu í fjórða sæti og strákarnir í því þriðja.

Um þessar mundir eru þrír iðkenda Sundfélagsins sem eru búsettir í bandaríkjunum og stunda þar háskólanám og afreksæfingar. Þau keppa enn undir merkjum ÍA. Nú í haust heldur Einar Margeir einnig til Bandaríkjanna á háskólastyrk.

Samantekt Garpa

Við skulum ekki gleyma görpunum okkar, frábær hópur fólks sem kemur saman til þess að rækta félagsskap og heilsu. Æfingar garpa eru þrisvar sinnum í viku, eitt skipti með þjálfara og nú nýverið var bætt við morgunæfingu. Garpahópurinn okkar samanstendur af 14 frábærum einstaklingum sundárið 2024. IMOC unnu þau aldeilis til margra verðlauna eða 16 gull, 12 silfur og 3 brons. Hallbera Jóhannesdóttir setti 4 garpamet í 60-64 ára og Kári Geirlaugsson 6 garpamet í 75-79 ára. Valdimar Ingi vann til silfurverðlauna í 4x50m skrið boðsundi með þeim frábæru drengjum, Guðmundi Brynjari, Guðgeiri og Alexander Eck. Stúlkurnar Arnheiður, Hallbera, Kristjana og Silvia urðu íslandsmeistarar í 4x50m skrið og 4x50, fjór boðsundi.

Landslið

Einar Margeir Ágústsson tók þátt í tveim stórmótum á árinu. Evrópameistramótinu í 50m laug sem fór fram í Serbíu í júní og Heimsmeistaramótinu í 25m laug sem fór fram í Búdapest í desember.

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir og Sunna Arnfinnsdóttir tóku þátt í æfingabúðum landsliðsins á Tenerife.

Kajus Jatautas hefur tekið þátt í öllum æfingabúðum framtíðahóps Íslands, og Karen Anna Orlita náði einnig inn í þann hóp í lok árs, og mun halda í sínar fyrstu æfingarbúðir á vegum framtíðarhóps núna 2025.

Kjell Wormdal fór sem þjálfari á HM í Búdapest.

Bjarney Guðbjörnsdóttir var farastjóri Taastrup open og NÆM.

Akranesmet

18 Akranesmet voru sett í fullorðinsflokki einstaklinga:

Einar Margeir Ágústsson 17 stk
Guðbjarni Sigþórsson, 1 stk

12 met í bóðsundi:

Brynhildur Traustadóttir, Sunna Arnfinnsdóttir, Ingibjörg Svava Magnúsdóttir, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir
Einar Margeir Ágústsson, Guðbjarni Sigþórsson, Kristján Magnússon, Enrique Snær Llorens, Ágúst Júlíusson, Sindri Andreas Bjarnasson.

4 Akranesmet voru sett í unglingsflokki 18 ára og yngri:

Guðbjarni Sigþórsson 4 stk

3 Akranesmet voru sett í aldursflokkinn 15 ára og yngri:

Kajus Jatautas 2 stk
4x50m skriðsund bóðsund (Kajus Jatautas, Viktoria Emilia Orlita, Eymar Ágúst Eymarsson, Karen Anna Orlita)

Íslandsmet Fullorðinna

Einar Margeir Ágústsson í 4x100m fjórsund blandað þar hann synti bringusundsprettinn.

Vit-Hit leikar 2024

Í fyrra kom VIT-HIT inn sem aðalstyrktaraðili að sundmóti okkar sem hefur um nokkurra ára bil borið nafnið Akranesleikarnir. Nýtt nafn þeirra er nú Vit-Hit leikarnir. Við erum Vit-Hit og Innnes afar þakklát fyrir þeirra framlag til mótsins okkar, þeirra stuðningur gerði okkur kleift að auka upplifun keppenda og það er okkur ómetanlegt. Vit-Hit leikarnir munu halda sínu striki árið 2025 og vonandi um ókomin ár.

Annað

Æfingar í Hafnarfirði

Afrekshópur SA hefur haldið því fyrirkomulagi að keyra til Hafnarfjarðar á laugardögum til að ná inn æfingum í laug sem eru 50m því mikilvægt er að sundmenn okkar haldi tilfinningunni fyrir þeirri lengd laugar. Sundfélag Hafnarfjarðar hefur stutt við bakið á okkur með því að leyfa okkur að æfa í lauginni og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.

Æfingarbúðir á Spáni

Haldið var til Callella á Spáni yfir páskana, þar sem tíminn var vel nýttur í undirbúning fyrir IM 50 sem fram fór strax eftir páska. Callella er frábær staður til að vera á þar er gott umhverfi og aðstaða fyrir afreksfólkið okkar.

Útvarp Akranes

Útvarp Akraness var á sínum stað samkvæmt venju, fyrstu helgina í aðventu. Styrktarsöfnun gekk vonum framur og söfnuðust um 3,5 milljónir í auglýsingastyrki. Við huguðum að leiðum til þess að auka hlustun því það er gríðarlega mikilvægt fyrir þá sem kaupa auglýsingar. Fyrsti liður okkar í því að auka hlustun voru vinakveðjur og kveðjur frá einstaklingum til ákveðinna vina/vinahópa eða til allra þeirra sem voru að hlusta. Að útvarpi loknu fór af stað vinna við að hafa útvarpið aðgengilegra og stefnir í að útvarp Akranes verði aðgengilegt í útvarpsappi, streymi og sent út á Fm þegar það fer næst í loftið.

Hjörvar Gunnarsson, einn meðlima útvarpsnefndar tók sig til og sótti um styrk til þess að varðveita og klippa niður þætti sem hafa hljómað í úrvarpinu frá árinu 1988. Hann hlaut styrkinn og eru þættirnir núþegar farnir að hlaðast upp á Spotify-rás Útvarps Akraness.

Gamlármót Gústa

Hefð er orðin fyrir sundmóti í lok árs sem Ágúst Júlíusson stendur fyrir. Þar er lítið um formlegheit en þeim mun meira af góðri stemmingu og skemmtun. Keppt í hefðbundnum og óhefðbundnum greinum og svo endum við í góðu kökuhlaðborði og happdrætti.

Garpamót Akranes

Haustið 2024 stóð félagið fyrir garpamóti í Jaðarsbakkalaug einn föstudags-seinnipart þar sem keppendur voru alls 33. Keppt var í nokkrum stuttum greinum og tók um klukkutíma að rúlla í gegnum greinarnar og allir keppendur með bros á vör. Að smá potti loknum mættu keppendur í hátíðarsalinn og gæddu sér á dýrindis hamborgurum. Gott að enda góðan dag vel.

Haustmót ÍA

Haldið var innanfélagsmót ÍA og Aftureldingar þar sem keppendur voru 31 talsins. Mótið er nýtt sundmót á dagatalinu með það markmið að yngri keppendur fái reynslu í að taka þátt í keppni í 25m laug. Glæsileg frammistaða hjá þessum ungu iðkendum Sundfélags Akraness og Aftureldingar sem voru frá 8 ára aldri.